

Nýja kvennahreyfingin á Norðurlöndum á áttunda áratug 20. aldar

Sigríður Matthíasdóttir, dr.phil., ReykjavíkurAkademían

Útdráttur

Hér er fjallað um nokkrar nýlegar rannsóknir á nýju kvennahreyfingunni í Svíþjóð, Noregi og Danmörku á áttunda áratug 20. aldar. Byggist greinin einkum á rannsóknum sænsku sagnfræðinganna Elisabeth Elgán og Emma Isaksson, norsku sagnfræðinganna Trine Rogg Korsvik og Gro Hagemann og danska stjórn málafræðingsins Drude Dahlerup. Allar hafa þessar fræðikonur verið framarlega í þessum rannsóknum á undanförunum árum eða skrifað mikilvægar greinar. Í þeim fjalla þær um „tilurðarsögu“ hreyfinganna í viðkomandi löndum, baráttuaðferðir þeirra, hugmyndafræði og tengsl hreyfinganna við jafnréttisbaráttuna í öðrum löndum, sérstaklega í Bandaríkjunum. Er sú „tilurðarsaga“ jafnframt tekin til endurskoðunar. Áhugaverðar eru lýsingar á því hvernig hinar ýmsu opinberu „aðgerðir“ sem gripið var til í baráttunni endurspegluðu afstöðu kvennanna til málefnsins. Baráttan beindist að auknu jafnrétti í samfélaginu og hafði þess vegna sterka pólitíska skírskotun sem aftur á móti gat orsakað klofning þegar sósíalísk hugmyndafræði og róttækur feminísmi tókust á. Markmiðið með greininni er fyrst og fremst það að draga fram ákvedna þætti sem mótuðu baráttuaðferðirnar, rýna í hugmyndafræðina sem byggt var á og skoða þróunina sem varð í löndunum þremur. Tekin eru dæmi af baráttu íslensku Rauðsokkahreyfingarinnar þar sem við á. Í lokin er varpað fram nokkrum spurningum um hvort Rauðsokkahreyfingin á Íslandi hafi byggt upp á sömu þáttum eða þróast með svipuðum hætti og í þessum norrænu systurlöndum. Þeim spurningum verður að vísu ekki svarað nema til komi verulega auknar rannsóknir á þessu sviði hér á landi.

Lykilorð: Nýja kvennahreyfingin, jafnréttisbarátta, „aðgerðir“, hugmyndafræði.

The New Feminist Movement in the Nordic Countries in the 1970s

Abstract

This article discusses some recent studies of the New Women's Movement in Sweden, Norway and Denmark in the 1970s. The article is mainly based on studies by the Swedish historians Elisabeth Elgán and Emma Isaksson,

the Norwegian historians Trina Rogg Korsvik and Gro Hagemann and the Danish political scientist Drude Dahlerup, all of whom have been prominent in this field in recent years or written important articles on the subject. They have written, for example, about the movement's "story of origins" in each country, the methods that were used in the struggle for equality, ideology and the movement's connection with equal-rights campaigns in other countries, especially the USA. The "story of origins" is re-evaluated. It is interesting to see how descriptions of the various public "actions" reflected the women's ideas on the question of equality. The aim of the struggle was to increase equality in society, and naturally this had significant political implications, which proved to be a cause of friction and dissension when socialist and radical feminist ideologies came into conflict. The purpose here is to discuss specific factors that shaped the struggle, look into the ideology that it was based on and examine some of the developments that took place in these three countries. Relevant examples are cited from the equal-rights campaign of the Icelandic "Red Stockings Movement" (Rauðsokkahreyfingin). Some questions are put forward at the end regarding the movement in Iceland and its similarities to the movements in other Nordic countries. Considerably more research in the field in Iceland will be needed before it is possible to answer these questions.

Keywords: The New Women's Movement, equality struggle, „actions“, ideology.

Inngangur

Í þessari grein¹ er ætlunin að ræða nokkrar nýlegar rannsóknir á nýju kvennahreyfingunni² í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Markmið greinarinnar er tvíþætt, en það er í fyrsta lagi að veita innsýn í sögu og ákveðin einkenni hreyfingarinnar á upphafsárum hennar í þessum löndum.³ Í öðru lagi er markmiðið að ræða stöðu rannsókna á hreyfingunni. Hvaða rannsóknarspurningar hafa verið ofarlega á baugi hjá fræðikonum á þessu sviði,⁴ hvaða aðferðum hefur verið beitt og hvernig líta þær á rannsóknarefni sitt? Þetta er byrjunarskoðun á samanburði milli Norðurlanda á þessu sviði.

Greinin fjallar fyrst og fremst um nokkur einkenni hreyfinganna á Norðurlöndum en þó er nauðsynlegt að staðsetja nýju kvennahreyfinguna á áttunda áratugnum á Íslandi, þ.e. Rauðsokkahreyfinguna, innan þeirrar þróunar. Á undanförunum árum hefur færst kraftur í umfjöllun um hreyfinguna og má þar í fyrsta lagi nefna afar áhugaverða bók er út kom á síðasta ári, *Á rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá* þar sem Rauðsokkur fjalla sjálfar um sögu sína og þátttöku í hreyfingunni. Þá má einnig nefna heimildarmynd Höllu Kristínar Einarsdóttur, *Konur á rauðum sokkum*.⁵ Umfjöllun þessi og fræðileg skrif um hreyfinguna virðast leiða í ljós svo að ekki verður um villst að hreyfingin gegndi hlutverki eins konar „ísbrjóts“ í stöðnuðu kynjakerfi Íslands á eftirstriðsárunum. Dagný Kristjánsdóttir prófessor skrifar að þegar konur mættu á rauðum sokkum í 1. maí göngu verkalýðsins árið 1970 grunaði líklega „enga þeirra að þær ættu eftir að breyta sögu tuttugustu aldarinnar á Íslandi“ (2011, 418). Sigríður Dúna Kristmunds-

dóttir prófessor hefur fjallað um hugmyndafræði Rauðsokkanna og bent á að meginþáttur í henni hafi verið réttur kvenna til atvinnu (1997, 130, 147). Ef lítið er á einstaka málaflokka þá virðist hreyfingin hafa haft mikil áhrif en Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur segir að Rauðsokkur hafi átt virkan þátt í að „samþykkt voru lög nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla“ og að löggjöf um fóstureyðingar var breytt og telur hún að meðal helstu áhrifa hreyfingarinnar á Íslandi hafi verið „að réttur kvenna til vinnu var viðurkenndur“ (2007, 22). Rauðsokkahreyfingin á Íslandi átti því stóran þátt í því að breyta stöðu íslenskra kvenna eins og systurhreyfingar hennar á Norðurlöndunum sem hér verða til umfjöllunar.

Fjölbreytileg þemu eru á dagskrá í rannsóknnum á norrænum kvannahreyfingum en hér verður sjónum beint að ákveðnum mikilvægum þáttum sem þar hafa verið tekin fyrir. Verður í fyrsta lagi fjallað um það sem kalla má „tilurðarsögu“ nýju kvannahreyfingarinnar, eða hvernig sagan um upphaf hennar hefur verið sett fram. Jafnframt verður rætt um hugmyndafræði hreyfingarinnar og hvernig hún tengdist „aðgerðunum“ sem hreyfingin varð svo þekkt fyrir. Þá verður tekið fyrir þema er nefna má „einingu eða átök“ innan hreyfingarinnar en fræðikonur á sviðinu hafa fjallað nokkuð um flokkadrætti innan nýju kvannahreyfingarinnar á áttunda áratug 20. aldar, hvernig þeir birtust og hvað lá þar að baki. Að því loknu verður fóstureyðingamálið skoðað, einkum út frá rannsóknnum á dönsku Rauðsokkahreyfingunni (Rødstrømpebevægelsen). Sérstaklega er rætt hvaða ljósi baráttan fyrir þessu máli varpar á hlutverk hreyfingarinnar í Danmörku miðað við aðrar hreyfingar og stofnanir þar í landi sem einnig höfðu málið á dagskrá. Baráttan fyrir frjálsum fóstureyðingum var eitt af helstu baráttumálum hreyfingarinnar, ekki aðeins á Norðurlöndum heldur einnig víða um Evrópu. Að lokum verður sagt frá hugmyndum norska sagnfræðingsins Gro Hagemann um endurskoðun á áður nefndri „tilurðarsögu“ nýju kvannahreyfingarinnar.

Í greininni er einkum byggt á rannsóknnum fræðikvenna er allar hafa verið framarlega í þessum rannsóknnum á undanförunum árum eða skrifað einstakar mikilvægar greinar.⁶ Eru þetta sænsku sagnfræðingarnir Elisabeth Elgán og Emma Isaksson en eins og Elgán bendir á hafa sagnfræðingar verið framarlega í rannsóknnum á sænsku hreyfingunni Hópi 8 (Grupp 8) sem rætt er um hér á eftir. Samkvæmt Elgán eru tvær af þremur „fræðilegum rannsóknnum“ sem gerðar hafa verið á hreyfingunni eftir sagnfræðinga (Elgán ópr., 1). Þá er fjallað um rannsóknir norsku sagnfræðinganna Trine Rogg Korsvik og áður nefndrar Gro Hagemann og danska stjórnmálafræðingsins Drude Dahlerup. Ég legg áherslu á að velja og kynna nýjar rannsóknir á hreyfingunni en umfjöllun Korsvik er frá árinu 2010 og rannsókn Elgán er glæný. Auk skrifa áður nefndra fræðikvenna byggi ég einnig á rannsókn félagsfræðingsins og femínistans Giselu Kaplan á nýju kvannahreyfingunni í Vestur-Evrópu, einkum til að setja norrænar rannsóknir á femínisma tímabilsins í almennt vestrænt samhengi.⁷ Að sjálfsögðu er svo stuðst við aðrar rannsóknir eftir því sem tilefni er til.

Að lokum skal nefnt að nokkrar mikilvægar stikur í sögu íslensku Rauðsokkahreyfingarinnar eru hér tengdar umfjöllun um norrænu hreyfingarnar með það að markmiði að setja hreyfinguna í ákveðið samhengi við þróunina í þessum löndum. Má gera ráð fyrir að margir þessara atburða séu lesendum vel kunnir af því sem þegar hefur verið skrifað um hreyfinguna.⁸

Af „tilurðarsögu“ nýju kvennahreyfingarinnar

Því hefur verið haldið fram að árið 1970 hafi verið „1968 kvennanna“. Það var þetta ár sem kvenfrelsinhreyfingin „skaust á loft með byltingarkenndum krafti“ þótt fræjunum hefði vissulega verið sáð áður (Rogg Korsvik 2010, 96). Norski sagnfræðingurinn Trine Rogg Korsvik vinnur að samburði á nýju kvennahreyfingunni í Noregi og Frakklandi og dregur upp áhrifamikla mynd af atburðunum þetta ár í þremur borgum, New York, París og Ósló. Þann 26. ágúst 1970, á hálfra aldar afmæli kosningaréttar kvenna í Bandaríkjunum, skipulagði ameríska kvennahreyfingin kvennaverkfall „til þess að mótmæla öllu því sem konur hefðu *ekki* náð fram eftir að kosningarétturinn var settur í lög“ (2010, 93. Leturbr. í heimild). Í New York marseruðu á milli tíu og tuttugu þúsund konur eftir götunum og hrópuðu slagorð á borð við „Don't iron while the strike is hot“, „We are the 51% minority“ og „I am not a barbie doll“. Þennan sama dag síðsumars árið 1970 komu níu franskir femínistar saman við Sigurbogann í París og lögðu stóran blómsveig á gröf óþekhta hermansins, að þessu sinni þó ekki til að heiðra hann sjálfan heldur þvert á móti til þess að heiðra hina „ennþá óþekktari konu hans“. Þótt konurnar væru ekki margar þá vakti atburðurinn mikla athygli þar í landi, konurnar níu voru handteknar fyrir að hafa vanvirt helsta þjóðernistákn Frakka og aðgerðin snerist upp í fjölmiðlafár (Rogg Korsvik 2010, 93; Kaplan 1992, 19). Loksins hafði nýja kvennahreyfingin náð til Frakklands, segir Trine Rogg Korsvik, og fjölmiðlar kölluðu hana *Mouvement de libération des femmes*, sem var bein þýðing á *Women's Liberation Movement* eins og hreyfingin nefndist í Bandaríkjunum (2010, 93).

Norskum konum var heldur ekki rótt þetta sama haust. Í troðfullum fyrirlestrasal við Óslóarháskóla hélt bandaríski stjórnmálafræðingurinn, rithöfundurinn og femínistinn Jo Freeman fyrirlestur þar sem hún sagði frá ameríska kvennaverkfallinu og rak áróður fyrir því að frelsun kvenna væri einungis möguleg ef þær tækju sig saman og stofnuðu eigin hópa án karlmannna, þar sem þær leituðust við að verða sér meðvitadri um sína eigin kúgun og þróuðu um leið nýjar pólitískar kenningar og aðferðir til „aðgerða“. Að lokinni þessari „femínísku vakningarsamkomu“ (Rogg Korsvik 2010, 94) var ráðist í að stofna hina svokölluðu Nýfemínista (Nýfemínistene) í Noregi og innan skamms tíma voru starfandi átta til tíu hópar undir því nafni í höfuðborginni Ósló og í Bergen og sams konar hópar voru brátt settir á laggirnar á öðrum stöðum í landinu (Hagemann 2004, 276).

Trine Rogg Korsvik leggur áherslu á að ofangreindir atburðir sem áttu sér stað við Sigurbogann í París og í Háskólanum í Ósló haustið 1970 séu „ekki valdir af handahófi“. Báðir voru mikilvægir í því sem hún kallar „tilurðarsögu“ nýju kvennahreyfingarinnar í viðkomandi löndum, skiptu sköpum fyrir þróun hennar og gerðu hana þekkt meðal almennings. En við þessar lýsingar má bæta „fyrstu aðgerð Rauðsokkana“ í Danmörku þann 8. apríl 1970 þegar u.þ.b. fimmtán konur þrömmuðu niður Stríkið, íklæddar „risastórum, hvítum brjóstahöldurum, með hárkollur, fólks augnahár og gríðarmikla hatta“ og héldu á fund í Tuborg-verksmiðjunni þar sem þær kröfðust launajafnréttis (Dahlerup I 1998, 170). Og raunar er ekki úr vegi að enda á atburði er olli vatnaskilum í sögu nýju kvennahreyfingarinnar á Íslandi sama ár. Þann 1. maí þetta ár marseruðu konur niður Laugavegin og báru fyrir hópnum stytta eina mikla er

gerð hafði verið fyrir sýningu á herranótt Menntaskólans í Reykjavík á Lýsiströtu eftir Aristófanes. Á styttnni var „gríðarmikill borði strengdur yfir þvera bumbuna“ er á var letrad „Manneskja – ekki markaðsvara“. Konurnar voru að sjálfsgöðu allar íklæddar rauðum sokkum (Edda Óskarsdóttir 2011, 139-140; Vilborg Sigurðardóttir 2001, 479).

Lýsingar þessar sýna ekki aðeins hversu hugmyndafræðilega „alþjóðleg“ hreyfingin var, heldur einnig að nýju kvennahreyfingarnar í hinum ýmsu löndum voru í raun nátengdar. Aðgerðirnar við Sigurbogann voru m.a. haldnar til stuðnings við kvennaverkfallið í Bandaríkjunum og það var bandarískur femínisti sem messaði yfir norskum konum við Óslóarháskóla haustið 1970, Jo Freeman. „Hreyfingin var þverþjóðleg, sömu málin voru tekin upp í hinum ýmsu löndum, sömu bækurnar voru lesnar og ræddar og umfangsmikil tengsl voru milli baráttukvonna þvert á landamæri“ (Rogg Korsvik 2010, 94; Elgán ópr., 3).

Að lokum skal nefnt að mismunandi hugmyndir eru uppi meðal fræðikvonna á þessu sviði um „upprunasöguna“ og hún hefur verið skoðuð út frá ýmsum sjónarhornum. Má nefna umræðu um þema sem kalla má „sambengi eða umskipti“ (*e. continuity or change*) sem í stórum dráttum snýst um hvort „nýja kvennahreyfingin“ hafi komið fram í beinu framhaldi af kvennabaráttu áratuganna á undan eða hvort hún hafi falið í sér afgerandi nýnæmi hvað snerti hugmyndafræði og baráttuáferðir. Danski stjórnmálafræðingurinn Drude Dahlerup hefur fjallað ítarlega um þetta mál. Telur hún m.a. að þar sem greina megi svo mörg sameiginleg einkenni í hinni u.þ.b. 150 ára sögu femínismans, megi halda því fram að kvennahreyfingin sem til varð á sjöunda áratug 20. aldar sé „ekki algerlega nýtt fyrirbæri í sögunni, heldur sé hún *ný bylga gamallar hreyfingar*“ (Dahlerup 2004, 74. Leturbr. í heimild). Þá gerir hún einnig ráð fyrir líkindum með dönsku Rauðsokkunum og eldri kvenréttindahreyfingum en áréttar að þau umskipti sem teljast megi mest afgerandi hafi falist í hinum „hugmyndafræðilega þætti“ (Dahlerup I 1998, 643). Samt er erfitt að lesa annað úr skrifum hennar en að hún telji jafnframt að umskiptin hafi verið býsna afdrifarík. Ein meginhugmynd dönsku Rauðsokkanna (og nýju kvennahreyfingarinnar almennt) „að gera hið persónulega pólitískt“ hafi falið í sér það sem hún kallar „nýskapandi hugsun“ sem hafi verið ólík, hvort sem „miðað er við eldri kvennahreyfingar eða kvennahreyfingar samtímans“, þ.e. þær hreyfingar sem voru starfandi í Danmörku á sama tíma og Rauðsokkurnar. Virðist því sem Dahlerup sjái þetta mikilvæga atriði ekki í beinu sambengi við það sem á undan var komið, heldur fremur sem breytingu frá því sem áður var (Dahlerup I 1998, 536). Nánar er rætt um kenningar hennar um „nýskapandi hugsun“ (d. nytænking) hér á eftir og um leið umræðu hennar um hvað hafi greint nýju kvennahreyfinguna frá forverum hennar.

Ef litið er á skrif norska sagnfræðingsins Elisabeth Lønna um þetta efni þá virðist hún algjörlega ósammála Drude Dahlerup og telur hana leggja allt of mikið upp úr margnefndum „umskiptum“. Segir hún að Dahlerup takist að vísu að sýna fram á að „ný hugsun“ (*e. new thinking*) hafi einkennt dönsku Rauðsokkurnar, og telur upp atriði sem vissulega hafi verið nýmæli, þ.á.m. „róttæknin, hin sterka uppreisn, form sjálfra aðgerðanna“ og „áherslan á vitundarvakningu“. Að áliti Lønna er samt hægt að líta

Þessa þróun allt öðrum augum og leggja áherslu á það sem hún segir að nýja kvennahreyfingin hafi átt sameiginlegt með fyrri hreyfingum, eins og t.d. baráttuna fyrir jafnlaunastefnu, dagvistun fyrir börn, réttlátari verkaskiptingu á heimilum, og að útrýma mismunun milli kynja í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi (Lönnå 2004, 53-54).

Það er ljóst að fjölmörg og ólík sjónarmið eru á ferð í þessari umræðu og verður ekki úr málinu skorið á þessum vettvangi. Þó skal tekið undir með Trine Rogg Korsvik um að árið 1970 hafi falið í sér „skil“⁹, þótt sjónarmiðum þeirra sem leggja áherslu á „sambengi“ sé heldur ekki að öllu leyti hafnað.

Hugmyndafræði og aðgerðir - endurskilgreining kvenleikans

Fróðlegt er að skoða hvað norsku sagnfræðingarnir Trine Rogg Korsvik og Runa Haukaa segja um það sem greindi kvennabaráttuna á áttunda áratugnum frá jafnréttisbaráttu fyrri kvennahreyfinga. Að álitu þeirrar fyrrnefndu er kvennabarátta áttunda áratugarins sérstök að því leyti að flestir þættir mannlegrar tilveru hafi verið þar undir, allt frá efnahagskerfinu til hinna allra persónulegustu þátta einkalífsins. Skipti þá ekki máli hvort um var að ræða heimsvaldastefnu eða geðlæknisfræði, bókmenntir eða kynlíf, allt var þetta rökrætt út frá kvenlegu sjónarhorni (Rogg Korsvik 2010, 95; Haukaa 1982, 63). Einnig greindi hún sig frá hefðbundinni jafnréttishreyfingu, sem og baráttu verkalyðshreyfingarinnar, að því leyti að ekki var eingöngu horft á kyn eða stétt sem rót kúgunarinnar. Þvert á móti álitu femínistar áttunda áratugarins mikilvægt að skoða hvernig hinir ólíku farvegir kúgunarinnar rynnu saman, svo sem kyn, stétt, kynþáttur og kynhneigð. Það voru ekki aðeins afmarkaðir þættir kúgunarinnar sem átti að berjast gegn – það átti að stefna að því að vinna bug á allri undirokun, hverju nafni sem hún nefndist (Rogg Korsvik 2010, 99-100; Haukaa 1982, 63).

Trine Rogg Korsvik heldur því einnig fram að saga nýju kvennahreyfingarinnar á áttunda áratugnum skiptist að vissu leyti í tvo hluta, ákveðin hvörf hafi orðið um miðjan áratuginn.¹⁰ Lýsir hún fyrstu árunum á þann veg að þá hafi kvenfrelsis-hreyfingarinnar einkennst af hugmyndafræðingum aðgerðum og að nýir hópar hafi sprottuð fram með miklum hraða. Úr samtímaheimildum og bókum sem aktívistarinn hafi skrifað eftir á um tímabilið megi lesa að ríkt hafi mikill eldmóður og samkennd; því hafi fylgt stórkostleg tilfinning að uppgötva að konur hvar sem var í heiminum væru ekki einar á báti með sín vandamál. Vandí þeirra sem tengdist t.d. slæmri sjálfmynd væri ekki einstaklingsbundinn, heldur sameiginlegur vandí kvenna vegna þess að þær væru samfélagslega undirokaðar og þ.a.l. væri lausnin einnig samfélagslega pólitísk. Það yrdi strax að hefja baráttu gegn óréttlætinu, byrja að lifa lífinu á nýjan hátt og hætta að bíða eftir að hinni sósíalísku byltingu lyki (Rogg Korsvik 2010, 97-98).

Hér má vitna til áður nefndrar Giselu Kaplan sem hefur greint fimm baráttuaðferðir eða „aðgerðir“ sem nýja kvennahreyfingin nýtti sér þegar hún stóð á hápunkti sínum. Alveg í bláupphafi hreyfingarinnar bar mest á ýmiss konar sjálfsprottum uppákomum á götum og torgum sem birtust líkt og þær hefðu orðið til upp úr engu. Dæmi um þetta voru söngur, dans eða skyndiræðuhöld á götum úti. Önnur leiðin fólst í skipulögðum herferðum ýmiss konar, eins og mótmælasetum og kröfugöngum. Slíkar að-

gerðir vöktu undantekningarlítið mikið umtal og eftirtekt og náðu athygli í hverju landi fyrir sig og jafnvel alþjóðlega. Þriðja baráttuadferðin fólst í „borgaralegri óhlýðni“ sem að sögn Kaplan var einkum beitt í einu viðamesta baráttumáli nýju kvennahreyfingarinnar á áttunda áratugnum, baráttunni fyrir frjálsum fóstureyðingum.¹¹ Síðast en ekki síst tiltekur hún „hið ritaða orð“. „Hinn femíníski litteratúr – fræðilegur jafnt og bókmenntalegur – hefur kynnt til sögunnar ný viðmið, bent á nýjar leiðir til að skoða heiminn út frá sett fram nýjar kröfur“ (1992, 19-20).¹²

Allar þær baráttuadferðir sem hér hafa verið nefndar, fyrir utan ritaðan texta, fólust í því að atburðir voru settir á svið, og telur Gisela Kaplan að í samburði við aðrar baráttuhreyfingar sjöunda og áttunda áratugarins hafi kvennahreyfingin verið sérlega lágin við þessar sviðsetningar (Kaplan 1992, 19-20). Í því sambandi má benda á að íslenska Rauðsokkahreyfingin birtir einmitt góð dæmi um þetta. Þar má nefna þann atburð þegar kvígan Perla Fáfnisdóttir var krýnd feegurðardrottning, til að mótmæla fegurðarsamkeppni er haldin var á Akranesi árið 1972, og að sjálfsögðu um leið viðteknum hugmyndum um kvenleikann. Í viðtali við eina af Rauðsokkunum, Vilborgu Harðardóttur, kemur fram að leitað var til bónda „þarna í nágrennasveitinni“ og valdi hann „handa okkur gullfallega kvígu, hvíta á lit og rauðsokkotta. Við settum á hana gyllta kórónu, klæddum hana í skikkju og lögðum yfir hana borða sem á stóð Ungfrú Ísland“. Segir Vilborg að Rauðsokkurnar hafi svo sannarlega fengið viðbrögð, „annað hvort brjálaðist fólk úr hlátri eða öskraði af reiði. Þessi aðgerð vakti mikla athygli og ég er sannfærð um að hún á sinn þátt í því hversu erfiðlega það gekk að fá stúlkur til þess að taka þátt í fegurðarsamkeppnum næstu árin á eftir“ (Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir 1987, 240). Það má gera því skóna að umræddur atburður sé dæmi um það sem Gisela Kaplan leggur áherslu á, að þótt sumar aðgerðirnar hafi virst sjálfsprottnar, hafi þær í raun og veru verið vandlega skipulagðar og úthugaðar, „hannaðar til þess að viðhalda umræðunni og ná athygli fjöldans, einkum í gegnum fjölmiðla“ (1992, 19-20).

Sérhver slík aðgerð beindist að sjálfsögðu að tilteknu málefni, eins og t.d. að krefjast launajafnréttis eða að mótmæla viðteknum kvenleikahugmyndum, en jafnframt höfðu þær önnur og almennari markmið. Spurningin um hin almennu markmið þessa baráttuforms, sem kallað er „aðgerðir“ (d. aktion) og var svo mikilvægur hluti nýju kvennahreyfingarinnar, skipar mikilvægan sess í rannsókn Drude Dahlerup á dönsku Rauðsokkahreyfingunni. Bendir hún á að þó það hafi verið grundvallarþáttur í hugmyndafræði Rauðsokkanna að rekja undirokun kvenna til ytri þátta sem áttu rætur að rekja til hins karlstýrða og kapítalíska kerfis, þá litu þær einnig á hana sem „ferli, sem ætti sér stað í sálarlífi kvenna sjálfra.“ Löggjafarbreytingar einar og sér væru þess vegna ekki nægjanlegar ef breyta átti þeirri sjálfsvitund (II 1998, 53)¹³ Í þessu sambandi er mikilvægt að skoða kenningar Dahlerup um hina „nýskapandi hugsun“ og um leið hvað hún telur að nýja kvennahreyfingin á áttunda áratugnum hafi haft fram að færa sem greindi hana sérstaklega frá forverum sínum á sviði kvenrétindamála. Drude Dahlerup skilgreinir „nýskapandi hugsun“ á þann veg að hún merki „að hugsa það sem áður var óhugsanlegt, framkvæma hið óheyrilega og endurskilgreina samhengi hlutanna eins og þeir blasa við í samtímanum“. Hina „nýskapandi hugsun“ femínista á áttunda áratug 20. aldar verði því að skilgreina

sem sambland „nýrra hugsana“ og „nýrra athafna“ (d. praksis). Ekki sé nóg að skoða eingöngu ritað mál eða texta femínistanna þar sem þær skilgreindu stöðu kvenna í samfélaginu til að átta sig á hugmyndum þeirra, heldur þurfi „athafnirnar“ og birtingarform þeirra ekki síður að vera grundvallarþáttur í slíkri greiningu (Dahlerup I 1998, 89).¹⁴

Í þessu sambandi bendir Dahlerup á að mótmæli gegn því að konum væri stillt upp sem „viðföngum“ (d. objekts) eigi sér rætur langt aftur í hugmyndasögu femínismans. Nýnæmið á áttunda áratugnum lá aftur á móti í hinni sterku áherslu kvennauppreisnarinnar á tengsl samfélagsgreiningar annars vegar og þess sem kalla má atferlið sjálft hins vegar eða „framkvæmdir“ þar sem hið nýja kvenhlutverk var um leið skapað (Dahlerup II 1998, 53). Þannig fól hið nýja atferli bæði í sér „sviðsettar“ aðgerðir á strætum og torgum á borð við þær sem lýst er hér að framan, en einnig skyldi það vera hluti af daglegu lífi, jafnt á vinnustöðum, á heimilinu, í skemmtanalífinu og yfirhöfuð þar sem fólk kom saman.

Sem dæmi nefnir hún áður nefnda aðgerð Rauðsokkanna, þegar þær þrömmuðu niður Strikið í Kaupmannahöfn, sem að sjálfsögðu hafi átt sér stað á grundvelli ákveðinnar hugmyndafræðilegrar gerjunar og greiningar. „Hin sterku viðbrögð“, segir hún, mátti þó frekar „rekja til þess að ungu konurnar notuðu líkama sinn á nýjan hátt og brutust inn í hið opinbera rými með nýjum og uppreisnargjörnum kvenlegum stíl sem ekki var hægt að horfa fram hjá.“ Hið sögulega framlag og nýnæmi sem nýja kvennahreyfingin á áttunda áratugnum kom með inn í kvennabaráttuna fólst ekki síst í þessari tengingu hugmynda og greiningar annars vegar og verknadar hins vegar, að áliti Dahlerup. „Að stelpur færu margar saman út á dansgólfið“ (í stað þess að bíða eftir að strákarirnir byðu þeim upp eins og hefðin bauð) eða að konur héldu kvennafund í kommúninni sem þær bjuggu í til þess að ræða óréttláta verkaskiptingu, voru dæmi um áhersluna á atferlið eða framkvæmdirnar (Dahlerup I 1998, 89; II 1998, 53-54).

„Aðgerðirnar“ urðu í reynd eitt mikilvægasta tækið í þeirri baráttu að brjóta niður ríkjandi viðhorf til kvenna sem „viðföng“ samkvæmt Drude Dahlerup. Með hjálp þeirra kynnti nýja kvennahreyfingin til sögunnar nýja kvenímynd, „hina sjálfstæðu, framtakssömu ungu konu“ sem tók frumkvæði og „hræddist hvergi, hvort sem í hlut áttu opinbert yfirvald – eiginmaðurinn eða kærastinn“ (II 1998, 53). Í stuttu máli voru aðgerðirnar liður í því að skapa nýja kvenlega sjálfsveru.¹⁵

Elisabeth Elgán, dósent í nútímastjórnmálasögu og kynjasögu við Stokkhólmsháskóla hefur nýlokið við rannsókn á hinum svokallaða Hópi 8 sem var eins og hún rekur ein fyrsta og stærsta kvennahreyfingin sem varð til í Svíþjóð á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar (ópr., 1). Hugmyndasagnfræðingurinn Emma Isaksson heldur því jafnframt fram að sem samtök hafi Hópur 8 á margan hátt verið uppistaðan í nýju kvennahreyfingunni í Svíþjóð (1998, 17). Hópur 8 á það sameiginlegt með fjölmörgum aðgerðahópum frá sama tíma að hann er „sveipaður goðsagnakenndum blæ“, segir Elisabeth Elgán. „Sumir sjá fyrir sér aggressíva vinstrifemínista þegar á hópinn er minnst en aðrir hafa miklu jákvæðari mynd af honum og líta á hann sem eina samfellda femíníska sigurgöngu“ (ópr., 1).

Upphaf Hóps 8 rekur hún til loka ársins 1968. Í kassa í skjalasafni verkalýðshreyfingarinnar í Stokkhólmi er að finna rússneska stílabók, græna að lit, þar sem skrifað er

á sultukrökkumiða sem límdur er á fremstu síðu: „Fundargerð frá fundi í Hópi 8, 19.11.68“ (ópr., 10). Það voru átta konur sem stofnuðu hópinn og var hann til að byrja með lokaður umræðuhópur en árið 1970 var tekin ákvörðun um að breyta honum og opna hann fyrir nýjum meðlimum. Hálfu ári síðar var fjöldi þátttakenda í höfuðborginni kominn upp í 200 (Isaksson 1998, 9, 17).

Elisabeth Elgán vekur athygli á merkilegu handriti eða drögum að sýningu sem sé að finna í skjölum Hóps 8. Síðsumars 1969 hófst umræða um sýninguna meðal félaganna í hópnum og var stefnt að því að setja hana upp.¹⁶ Skyldi hún bera heitið „Hús seiðkarlanna“ (Trollkarlarnas hus) og líkist hún fremur aðgerð en eiginlegri sýningu. Að mati Elgán er umrætt uppkast sérlega áhugavert að tvennu leyti. Það sýni vel hversu auðugt hugmyndaflug kvennanna í Hópi 8 var þegar kom að því að upphugsu opinberar aðgerðir og einnig sé það góð heimild um hvernig undirskipuð stada kvenna í samfélaginu birtist að mati hópsins (ópr., 16-17). Sýningarhandritið varpar þannig ákveðnu ljósi á þær hugmyndir sem konurnar gerðu sér um markmiðið með baráttunni. Sérlega athyglisvert er einnig að áherslan beindist ekki eingöngu að því að stilla karlasamfélaginu upp sem óvini, heldur þyrftu konur að fara í ákveðna vegferð, bæði í táknrænum og bókstaflegum skilningi, til að öðlast skýrari vitund um sig sjálfar og ná markmiði sínu. Sýningardrögin eru þannig gott dæmi um hvernig nýja kvennahreyfingin lagði áherslu á að efla vitund kvenna um undirokun en hún boðaði ekki síður að lausnin undan henni fæli í sér bæði ytra og innra ferli.

„Hús seiðkarlanna“ átti að sýna hvernig „stjórnsýsla nútímans, tæknin, upplýsingakerfið og efnahagslífið hefðu gengið í bandalag sem byggðist á aldagömlum fordómum og kvennakúgun og hefði í för með sér hörmulegar afleiðingar fyrir konur“. Afleiðingar þessa væru „kyrkingsleg“ eða samanskroppin kvenímynd. Gagnrýnin var um leið tengd neyklusamfélaginu þar sem staðalímynd konunnar sem þætti hafa náð árangri í lífinu væri að vera húsmóðir og mikill neytandi. „Til þess að vera öflugur neytandi þarf að einkavæða hana og halda henni innan hins litla þrönga ramma heimilishaldsins þar sem hún notar krafta sína í fyrstu til að annast sín 1,7 börn að meðaltali og eftir það algerlega í að sinna kröfum eiginmanns síns“ (ópr., 17).

Í uppkastinu að sýningunni var sett fram ítarleg útfærsla á stöðu konunnar. „Hús seiðkarlanna“ var tákn karlveldisins og skyldu þar ríkja seiðskrattar fimm er sýsluðu með heiminn og stjórnuðu honum. Dregin var upp sviðsmynd af húsi þessu en í miðju þess átti að vera altari er á hvíldi gullegg er tákna skyldi það sem hópurinn kallaði „gróðaregluna“ (s. vinstprincipen). Með altarinu var þessari tákngervingu hins kapitalíska neyklusamfélags gefin trúarleg skírskotun. Eggið hvíldi á sökkli er byggðist upp á nokkrum misháum þrepum. Voru þrepin tákni fyrir hinar ýmsu hreyfingar innan samfélagsins, allt frá alþýðuhreyfingum sem voru neðst til stjórnmálaflokka og samtaka vinnuveitenda er trónuðu efst á sökklinum. Þessi goggunarröð táknaði efnahagslegt vald viðkomandi samtaka og hreyfinga. Leiðin að gullegginu lá upp eftir sökklinum og hana fóru karlar í eftirsókn sinni eftir gullegginu með því að „klífra á konum“ (ópr., 17).

En útfærslunni á „Húsi seiðkarlanna“ lýkur ekki þar með. Á sýningarkössum í kringum altarið áttu að standa fimm seiðskrattar og stóð til að setja upp heila leikmynd í kringum hvern og einn. Var hver þeirra fulltrúi einnar „manngerðar“ sem konur áttu í höggi við að

mati Hóps 8. Sá fyrsti var „karlinn sem nýtir konuna sem kynveru“. Annar var „borgar-skipuleggjandinn“, fulltrúi bílasamfélagsins sem hafði valið bílamenningu fram yfir börn og umönnun þeirra. Skyldi slagorð þessa sýningarkassa vera „Ekki fæða barn – fæddu bíl“ (ópr., 18). Sést glöggst hvernig kvenfrelshugmyndir tímabilsins voru hér samtvinnadar almennri samfélagsgagnrýni svo að þetta tvennt varð ekki sundur skilið. Þriðja skrattann nefndu sænsku kvenréttindakonurnar „fundakarlinn“ en hann var prýddur alls kyns félagsmerkjum eins og t.d. merki Rótaryklúbbsins og Konunglega sænska siglingafélagsins og var holdgervingur fyrir það hvernig samfélagslegar ákvarðanir væru teknar – í lokuðum hópum karla. Fjórdi seiðkarlinn í röðinni hafði ekki tekið á sig skýra mynd í umræddum drögum Hóps 8 en hugmyndin að sviðsetningu þess fimmta var nokkurn veginn tilbúin. Sá er þar var á ferð var „sósíalistinn“, upplýstur í rauðum lit, skreyttur „hamrinum og sigð-inni og hélt Rauða kveri Maós hátt á loft.“ Lýsingarnar á honum væru dæmi um þá baráttu sem kvenfrelsiskonur tímabilsins áttu í við karlkyns félaga sína.

„Sósíalistinn“ væri þó ólíkur kynbræðrum sínum að því leyti að hann var ekki að streitast við að komast að „gullegginu“ og því ekki drifinn áfram af „gróðareglunni“. Með þessari sviðsmynd vildi hópurinn samt sýna „hvernig sósíalistarnir eru á góðri leið með að svikja konur.“ Í vandlega útfærðri sviðsetningu á hvernig þetta gerðist var brúða er táknaði útvinningu konu á leið út um dyr. Hún komst þó aldrei svo langt að loka hurðinni að baki sér því stöðugt var haldið aftur af henni með eilífum spurningum: „ertu búinn að skaffa barnapíu, kaupa í matinn, færa bílinn, lesa í Maó, fjölrita pappírana, syrgja Che, blanda kjötfarsið, hjálpa Lísu að snýta sér, hringja til læknisins, og kerfisins, hreinskrifa handritið mitt, ertu sólidarísk ...“ o.s.frv. (ópr., 19).

Markmiðið með sýningunni eða „aðgerðinni“ sem hún fól í sér var þannig fyrst og fremst það að efla og styrkja konur sem einstaklinga. „Lausn“ þeirra fælist í því að með því að skoða allar fimm sviðsmyndirnar fengju þær innsýn í það hvernig þeim væri stýrt af viðkomandi seiðkarlaveldi og hvernig þær sjálfar gætu tekið höndum saman til að bæta stöðu sína. Í lokasenunni átti að stilla þeim upp fyrir framan spegil-mynd sína stækkaða (líkt og karlar gerðu í upphafi sýningarinnar) til að þær upplifðu sjálfar að þær hefðu styrkst og vaxið (Elgán ópr., 20). Samkvæmt Elisabeth Elgán sýndu þessi málalok sýningarinnar vel hvernig Hópur 8 hugsaði sér að berjast ætti gegn kvennakúgun samfélagsins.

Ólíkir hópar, átök og sundurgreining

Nýja kvannahreyfingin á Norðurlöndum var ekki einsleit hreyfing sem hélt á lofti samstæðum hugmyndafræðilegum viðhorfum. Þvert á móti greindist hún í hópa sem aðhylltust að sumu leyti ólíka hugmyndafræði og mismunandi útskýringar á því hvar rót vandans lægi og höfðu þ.a.l. ólíka sýn á hvernig hinni pólitísku baráttu skyldi háttað (Blom 1999, 328). Í þessu sambandi má benda á að norski sagnfræðingurinn Gro Hagemann hefur staðhæft að hreyfingin hafi verið mun margbreytilegri en almennt hafi verið haldið fram í síðari tíma umfjöllun.¹⁷ Ekki síst stangaðist á hug-myndafræði marxisma og „róttaks femínisma“ þar sem hugtakið „feðraveldi“ er lykil-hugtak í greiningu á undirokun kvenna (Isaksson 1998, 4-10).¹⁸ Í Svíþjóð birtust slíkir flokkadrættir í ágreiningi milli Hóps 8 og hreyfingar er nefndist Hinar vinnandi konur

(Arbetets kvinnor) en síðla árs 1973 höfðu þær sagt skilið við landssamtökin Hóp 8 og stofnað sjálfstæða hreyfingu. Gagnrýni Hinna vinnandi kvenna á Hóp 8 snerist fyrst og fremst um að samtökin tækju ekki nægilegt tillit til stéttamismunar í greiningu sinni á stöðu kvenna og því væri Hópur 8 í raun ekki sósíalísk hreyfing eins og samtökin héldu fram í stefnuskrá sinn (Isaksson 1998, 19-20).

Emma Isaksson hefur lýst ítarlega hugmyndafræðilegum ágreiningi þessara samtaka og telur að deilurnar milli Hóps 8 og Hinna vinnandi kvenna varpi „ljósi á vandann við að sameina marxisma og femínisma.“ Erfitt hafi reynst „að sameina hefðbundinn marxisma og femínískt sjónarhorn sem leggur kyn til grundvallar greiningu sinni og vill líta á undirokun kvenna sem sjálfstætt fyrirbæri.“ Þá segir hún enn fremur að bæði Hópur 8 og Hinar vinnandi konur hafi orðið að „stunda ákveðna jafnvægislist til að sameina sósíalískt/marxískt sjónarhorn og femínískt sjónarhorn. Vandinn snerist um að fara ekki of langt út á vinstri kantinn af því að þá glataðist hið femíníska sjónarhorn, en sem sósíalískar og marxískar hreyfingar máttu þær ekki heldur fara of nærri róttækum femínisma, því þá var hættan sú að þær yrðu ásakaðar fyrir að vera borgaralegir femínistar sem vantaði stéttasýnina“ (Isaksson 1998, 35). Og frasinn „borgaralegur femínismi“ var skammaryrði innan þessarar orðræðu (Elgán ópr., 3).

Í Noregi var svipaður ágreiningur uppi á milli Nýfemínistanna annars vegar og hinnar svonefndu Kvinnafylkingar (Kvinnefronten) hins vegar. Kvinnafylkingin var stofnuð árið 1972 og voru meðlimir í henni konur af vinstri væng norskra stjórnmála, höfuðmarkmið þeirra var að tengja kvennabaráttuna baráttunni gegn kapitalisma. Hreyfingarnar voru ólíkar varðandi skipulag, Nýfemínistarnir lögðu til grundvallar „hið lausbundna flata skipulag“, höfnuðu hefðbundnum valdastiga og vildu forðast kerfi sem að þeirra mati var „karllægt“. Kvinnafylkingin byggði aftur á móti upp miðstýrða hreyfingu sem smám saman tengdist æ þéttar marx-lenínísku samtökunum Kommúnistaflokki verkamanna (Arbeidernes kommunistparti, AKP) (Rogg Korsvik 2010, 97-98; Blom 1999, 328; Hagemann 2004, 276-277).¹⁹ Og íslensk Rauðsokkahreyfing virðist heldur ekki hafa farið varhluta af þeim ágreiningi sem ólík afstaða til vinstristefnu skapaði. Í skrifum um íslensku Rauðsokkahreyfinguna er víða fjallað um hina svokölluðu Skógaráðstefnu er haldin var í júní árið 1974 á Skógum undir Eyja-fjöllum. Á henni var tekinn til umræðu ágreiningur sem hafði verið til staðar innan hreyfingarinnar árin á undan þótt hann hefði legið í láginni. En á ráðstefnunni var hugmyndafræðilegur grundvöllur hreyfingarinnar endurskilgreindur og samþykkt tillaga þess efnis að heyja yrði „baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti með vopnum stéttabaráttu“. Þýddi þetta að sjálfsögðu að stéttahugtakið væri gert miðlægt í kvennabaráttunni. Ljóst er að þetta uppgjör var hreyfingunni erfitt, og ekki samstaða um að vopn stéttabaráttunnar dygðu til að „komast ... fyrir rætur karlveldisins“. Varð þetta einnig til þess að sumar af baráttukonunum yfirgáfu Rauðsokkahreyfinguna í kjölfarið (Dagný Kristjánsdóttir 2011, 420; Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir 1987, 245-247; Vilborg Sigurðardóttir 2001, 487-488).²⁰

Sundurgreining innan nýju kvannahreyfingarinnar á áttunda áratugnum snerist þó ekki eingöngu um ólík viðhorf til sósíalisma og marxisma. Bent hefur verið á að um miðjan áttunda áratuginn hafi orðið ákveðin hvörf að þessu leyti, en þá tóku ýmsir

hópar innan hreyfingarinnar að greinast enn meira hver frá öðrum. Trine Rogg Korsvik segir að innan norsku og frönsku kvannahreyfinganna hafi stemmningin breyst um miðjan áttunda áratuginn, ýmiss konar klofningur kom upp og almenn vonbrigði hafi tekið að setja mark sitt á hreyfingarnar í löndunum báðum. Heldur hún því þó fram að þróunin sem varð á þessum árum hafi ekki aðeins verið neikvæð, hana megi líka túlka sem merki um þann margbreytileika sem hreyfingin stóð fyrir um leið og hún tók að breiðast út í samfélaginu. Alls kyns ólíkir kvannahópar tóku nú að spretta upp. Stofnaðir voru sérstakir hópar fyrir lesbíur, konur í verkalyðshreyfingunni, konur í hópi innflytjenda og konur sem unnu að ýmsum málefnum eins og t.d. náttúruvernd eða stuðningi við konur í einræðisríkjum eða á stríðshráðum svæðum. Á sama tíma og hreyfingin varð sundraðri tók einnig að blómstra það sem Trine Rogg Korsvik nefnir „andófskennda kvennamenningu“. Stofnuð voru „sérstök kvannahús og haldnar kvennasumarbúðir og kvannahátíðir, skrifaðar kvennabókmenntir, stofnaðar kvannahljómsveitir“ og svo má áfram telja. Kvennarannsóknir voru jafnframt í miklum vexti og þar reyndist vera farvegur fyrir margar af baráttukonunum (2010, 98).

Jafnvel í landi á borð við Noreg, sem ekki er stórt á vestrænan mælikvarða, spruttu upp margir ólíkir hópar. Hópur kvenna sagði sig úr Kvennafylkingunni í kjölfar þess að hún hallaðist æ meir að marx-lenínísku samtökunum og árið 1976 stofnuðu þær hreyfinguna Brauð og rósir (Brød og roser).²¹ Einnig urðu til hópar sem lögðu áherslu á þætti sem snertu „sjálfsmynd“, „sjálfsmyndarpólitík“ og þjóðfélagslega stöðu baráttukvennanna. Þannig var Lesbísk hreyfing (Lesbisk bevægelse) stofnuð árið 1975, sem viðbragð við þeirri tilfinningu lesbía að þær væru jafnarsettar innan kvannahreyfingarinnar, en um leið var markmiðið að losna undan hinu „gagnkynhneigða forræði“. Og sérstök hreyfing innflytjendakvenna var stofnuð árið 1979 sem kallaði sig upp á ensku Foreign Women's Group (Blom 1999, 328).

Í rannsóknnum sínum á kvannahreyfingu áttunda áratugarins beinir Trine Rogg Korsvik sjónum sínum sérstaklega að slíkum andstæðum innan hreyfingarinnar, spyr hvaða átakaefni hafi verið áberandi og ennfremur að hve miklu leyti þau hafi tengst aðstæðum sem lágu utan við áhrifasvæði kvannahreyfingarinnar sjálfrar. Ber hún eins og áður sagði saman samsvarandi hreyfingar í Noregi annars vegar og Frakklandi hins vegar. Slíkur samanburður á kvannahreyfingum í ólíkum löndum segir hún að hafi þann kost að „draga fram hið dæmigerða“ innan beggja hreyfinganna. Hann sýni t.d. glöggt hvernig möguleikar kvannahreyfingarinnar til að koma baráttumálum sínum á framfæri hafi lotið ákveðnum „þjóðlegum strúktur“ sem takmarkaðist m.a. af ólíkum stjórnmálalegum aðstæðum hvers lands, efnahag og lagaramma (2010, 95-96).

Í báðum löndunum, Noregi og Frakklandi, var kvannahreyfingin sterk og hafði áhrif á almenn stjórnmál á þann veg að lög voru samþykkt og settar á fót stofnanir sem bæta áttu stöðu kvenna. Þá tiltekur Rogg Korsvik einnig að kvenfrelshreyfingin í báðum þessum löndum hafi verið undir sterkum áhrifum frá amerískri fémínistahreyfingu en á sama tíma hafi þær verið nátengdar vinstriöflunum heima fyrir og hafi orðið að taka afstöðu til baráttunnar milli hinna ýmsu hópa og flokksbrota á vinstri vængnum á borð við maóista, trotskísta, anarkísta og annarra sósíalista (2010, 95). Það hefur óneitanlega getað skapað nokkurn vanda þegar nota þurfti hugtök og

skilgreiningar ættaðar úr höfuðvígi kapitalismans inni í stéttabaráttunni heima fyrir.

Trine Rogg Korsvik fjallar einnig um þau áhrif sem átök innan kvinnahreyfinga geta haft í för með sér og vitnar í því sambandi í Runa Haukaa sem hélt því fram að árekstrum og ágreiningi fylgdi skapandi drifkraftur sem hindraði að félagshreyfingar stöðnuðu í sama farinu. Eru rök hennar fyrir þessu þau að norska kvinnahreyfingin hafi einmitt vaxið og styrkst þegar átökin innan hennar stóðu sem hæst (Rogg Korsvik 2010, 98; Haukaa 1982, 79). Rogg Korsvik tekur ekki heilshugar undir þessa skoðun Haukaa og bendir á að andstæður og átök geti orðið svo mikil að þau leiði til klofnings og valdi sárum sem seint gróa (2010, 95, 98). Nefnir hún að það hafi einmitt gerst í frönsku kvinnahreyfingunni og raunar hafi sú norska ekki heldur farið varhluta af slíku. Þar nefnir hún að tengslin milli þeirra baráttukvenna sem tengdust Kommúnistaflokki verkamanna og þeirra sem ekki tengdust honum hafi fjarri því verið vinsamleg. Átökin hafi að vísu minnkað í byrjun níunda áratugarins en þá á þann veg að hvor hópurinn „sýslaði með sitt“. En ef trúa á kenningum Runa Haukaa, segir Rogg Korsvik, þá var sú þróun að baráttukonurnar leggðu niður vopnin og sinntu eigin málefnum hver í sínu horni „ekki bara af hinu góða“, því þar með varð kvinnahreyfingin of brotakennd og heildarsýnin tapaðist (2010, 98-99).

Baráttumál nýju kvinnahreyfingarinnar – baráttan fyrir frjálsum fóstureyðingum í Danmörku og endurskilgreining kvenleikans

En hver voru helstu baráttumál nýju kvinnahreyfingarinnar á fyrstu árunum? Samkvæmt Elisabeth Elgán voru baráttumál Hóps 8 í beinu samhengi við umræðuna um jafnréttismál í Svíþjóð þegar á sjöunda áratugnum. Barist var fyrir möguleikum kvenna til atvinnu, gegn hlutastörfum og lágum launum og slæmum aðbúnaði kvenna á vinnustöðum. Ná tengd baráttunni fyrir bættri stöðu kvenna á vinnumarkaði var krafan um barnagæslu en aðrir hópar tóku það mál einnig upp á sína arma. Svo stóð baráttan um fóstureyðingar og sjálfsákvörðunarrétt kvenna varðandi þær (ópr., 15-16).

Hinu megin við sundið í Danmörku voru þrjú mál efst á baugi hjá Rauðsokkunum á þessu tímabili er Drude Dahlerup kallar „fyrsta fasa“ og nær yfir tímabilið frá u.þ.b. 1970 til 1974 (I 1998, 154). Í fyrsta lagi voru það frjálssar fóstureyðingar, í öðru lagi baráttan fyrir jafnlaunastefnu og í þriðja lagi beittu danskar Rauðsokkur sér gegn inngöngu Dana í Evrópubandalagið þegar haldin var þjóðaratkvæðagreiðsla um það málefni árið 1972. Eins og Drude Dahlerup bendir á, voru Rauðsokkur fjarri því að vera einar um að hafa þessa málaflokka á sínum snærum, en markmið hennar er að meta hvaða hlutverk Rauðsokkurnar léku í þessum málum. Nálgun hennar er áhugaverð fyrir þær sakir að hún varpar ljósi á sérkenni dönsku Rauðsokkahreyfingarinnar sem baráttuafli miðað við aðrar hreyfingar og stofnanir í Danmörku sem einnig höfðu hin ýmsu mál á sinni stefnuskrá og dregur fram í hverju áhrif hennar raunverulega fólust (I 1998, 221-223).

Hér verður sjónum beint að einu af ofangreindum málefnum í Danmörku, baráttunni fyrir frjálsum fóstureyðingum. Eins og Drude Dahlerup bendir á var spurningin um hvort leyfa ætti frjálssar fóstureyðingar „pólítískt sprengiefni í öllum hinum vestræna heimi“ á áttunda áratug 20. aldar. Í ýmsum löndum var „krafan um frjálssar

fóstureyðingar langmikilvægasta málefni nýju kvennahreyfingarinnar í fjölmörg ár og hafði úrslitaáhrif í að virkja hreyfinguna til starfa“ (I 1998, 222). Nefnir hún Ítalíu og Þýskaland sem dæmi um slík lönd.

Og í Frakklandi fór franskur féministinn Simone de Beauvoir í broddi fylkingar árið 1972 er hún í hópi 300 franskra kvenna undirritaði játninguna: „Ég hef gengist undir fóstureyðingu“. Á þeim tíma var slík aðgerð ólögleg þar í landi og þ.a.l. refsiverð. Vestur-þýskir féministar fylgdu fordæmi hinna frönsku ári síðar. Þótt slíkar aðgerðir bæru ekki samstundis þann árangur að fóstureyðingar yrðu gerðar frjálssar, þá tryggðu þær að málið hélt í kastljósi umræðunnar og neyddu í raun stjórnmalamenn til að halda því inni í sinni pólitísku stefnuskrá (Kaplan 1992, 19).

Þegar danska Rauðsokkahreyfingin var stofnuð árið 1970 hafði umræða um rétt kvenna til fóstureyðinga þegar verið háð á ýmsum vettvangi í allangan tíma. Umræður um fóstureyðingar í Danmörku mátti rekja aftur til sjötta áratugs 20. aldar er krafa um auknið frjálsslyndi í þeim málum kom fram meðal frjálsslyndra lækna og innan danskrar félagsþjónustu. Í lok sjöunda áratugarins og byrjun þess áttunda komu fram nýir hópar sem beittu óhefðbundnum baráttuáðferðum og árið 1970 urðu vatnaskil í málinu þegar Þjóðþing Danmerkur samþykkti að rýmka réttinn til fóstureyðinga, með því að setja inn í lögjöfina ákvæði um að taka mætti tillit til félagslegra ástæðna (Dahlerup I 1998, 222-223).²²

Rauðsokkahreyfingin gerðist strax í upphafi mjög virk í þessari baráttu og var það allt til ársins 1973 þegar lög voru sett í Danmörku um frjálssar fóstureyðingar. Fóstureyðingamálið hafði þannig mikil áhrif á þróun nýju kvennahreyfingarinnar í Danmörku, segir Drude Dahlerup, enda þótt það hafi ekki haft sömu áhrif og í löndum á borð við Þýskaland og Ítalíu. Baráttan fyrir þessu máli sýni jafnframt í hnotskurn þær ýmsu „aðgerðir“ sem nýja kvennahreyfingin notaði fyrstu árin. Sem dæmi má nefna að á baráttudegi verkalyðsins þann 1. maí 1972 efndu Rauðsokkurnar í Danmörku til kröfugöngu í Fælledparken í Kaupmannahöfn undir flaggi tveggja helstu málefna sinna, að leyfa frjálssar fóstureyðingar og hindra inngöngu Dana í Evrópubandalagið! Sama vor stóðu þær fyrir „fóstureyðingaviku“ þar sem málið var sett rækilega á dagskrá. Gefið var út „fóstureyðingablað“, sérstakt málagn þeirra um efnid, útvarpsþættir voru gerðir um málið og sendar út yfirlýsingar um samstöðu með konum í öðrum löndum þar sem málið var á dagskrá o.s.frv. Þá var haldinn fundur þar sem átta ungar konur sögðu opinberlega frá samtals fimmtán fóstureyðingum sem þær hefðu gengist undir, en af þeim höfðu tíu verið ólöglegar (Dahlerup I 1998, 223). Þessi „aðgerð“ vakti óneitanlega athygli.

Það var svo árið 1973 sem Danir urðu ein af fyrstu þjóðum í Evrópu sem leyfðu frjálssar fóstureyðingar. Drude Dahlerup spyr hvort þetta hafi verið dönsku Rauðsokkunum einum að þakka, en kemst að þeirri niðurstöðu að svo hafi ekki verið. Þótt þær hafi vissulega leikið mikilvægt hlutverk í umræðunni sem fór fram í aðdraganda umræddrar lagasetningar, þá var það lögjöfin frá árinu 1970 sem leiddi til vatnaskila í þessu máli.²³ Áhrif Rauðsokkanna segir hún að hafi aftur á móti birst á þremur sviðum: Í fyrsta lagi héldu þær málinu á dagskrá í hinni opinberu pólitísku og samfélagslegu umræðu, svo að fóstureyðingamálið var „á hvers manns vörum“. Þetta gerðu þær einmitt í krafti hinna óhefðbundnu baráttuáðferða. Í öðru lagi virkjuðu þær

fólk til liðs við málstaðinn. Þeim tókst þannig með sínum mjög svo „sýnilega stíl og ögrandi aðferðum ... að vekja áhuga og fá fólk í lið með sér“. Þriðja og kannski mikilvægasta framlag þeirra til málsins fólst að mati Dahlerup í því að þær „endurskilgreindu ... *fóstureyðingamálið*“ en það telur hún einmitt dæmi um hina „*nýskapandi hugsun*“ sem var rakin hér að framan. Málefni sem hafði áður fyrst og fremst flokkast undir „félagsleg vandamál“ í hinni opinberu umræðu þar sem sjónum var beint að örlogum þeirra kvenna sem gengist höfðu undir ólöglegar fóstureyðingar og jafnvel lent í höndum skottulækna, oft með hörmulegum afleiðingum, tók nú að beinast að rétti kvenna sem einstaklinga. Með öðrum orðum „rétti kvenna til yfirráða yfir eigin líkama“ (I 1998, 224-225. Leturbr. í heimild). Það má undirstrika það hér að þessi „yfirfærsla“, að þær konur sem gengust undir fóstureyðingu færðust frá því að heyra undir „samfélagsleg úrlausnarefni“ yfir í að vera álitnar einstaklingar með eigin rétt, hlaut að hafa í för með sér ákveðna grundvallarbreytingu á skilgreiningu kvenleikans og viðhorfum til kvenna.

Lög um frjálssar fóstureyðingar voru samþykkt í Danmörku árið 1973 eins og áður er getið, á Íslandi og í Svíþjóð árið 1975 og í Noregi árið 1978 (Hagemann 2004, 275; Blom 1999, 336; Elgán ópr., 128; Ártöl og áfangar 1998, 155-156).

Hér er að lokum ástæða til að nefna baráttu íslensku Rauðsokkanna fyrir þessu máli en ítarlega lýsingu á því ferli er m.a. að finna í umfjöllun einnar af Rauðsokkunum, Guðrúnar Hallgrímsdóttur, í bókinni *Á Rauðum sokkum*. Meðal aðgerða sem Rauðsokkur gripu til var að dreifa bréfi til íslenskra kvenna þar sem spurt var hvort konur „þekktu gildandi löggjöf, hvort þær vissu hve mörg börn hefðu fæðst heyrnarskert eftir nýlegan faraldur rauðra hunda og hvort þvinga ætti stúlku til að eignast barn til að gefa það.“ Í greininni er einnig fjallað um þann toll sem baráttan tók, konur sem komu fram í sjónvarpsþáttum um málið voru t.d. „úthrópaðar sem barnamorðingjar“ og var þess þ.a.l. gætt að aðeins konur sem áttu börn tækju þátt í sjónvarpsumræðum um þetta efni. Umfjöllun Guðrúnar bendir til að á Íslandi hafi Rauðsokkur leikið lykillhlutverk í að koma baráttunni fyrir frjálsum fóstureyðingum í höfn (2011, 61, 75-77).

Endurskoðun á aðdraganda nýju kvannahreyfingarinnar: Rannsóknir Gro Hagemann

Gera má ráð fyrir að söguritun sem leggur áherslu á „upprunasögur“ á borð við þær sem ræddar voru hér í byrjun greinarinnar hljóti á einhverjum tímapunkti að kalla á ákveðið endurmat. Gro Hagemann, prófessor við Óslóarháskóla og ein af helstu kvenna- og kynjasögufræðingum á Norðurlöndum hefur gert athyglisverða tilraun til að endurskoða upphaf nýju kvannahreyfingarinnar í Noregi. Í grein frá árinu 2004 er ber heitið „Norsk nyfeminisme – amerikansk import?“ ræðir hún uppruna hennar í Noregi og bendir á að smám saman hafi margs konar „sögulegar frásagnir litið dagsins ljós, oft ritaðar af kvenkyns sagnfræðingum sem sjálfar tóku þátt í hreyfingunni.“ Að mati hennar eru þessar „upprunasögur“ oft með nokkuð líkum hætti:

Ungar menntaðar konur gera uppreisn gegn úreltu kynjakerfi sem hindrar þær og hlekkjar niður, samanborið við það frjálssræði og sjálfræði sem þær hafa

vænst. Þetta eru lýsingar á baráttunni milli eigin drauma og staðlaðra hugmynda um hlutverk kynjanna, á upplifunum af hindrunum í menntun og atvinnulífi, á þeirri óþolinmæði sem greip þær vegna þess hve hið pólitíska ferli var seinvirkt, og síðast en ekki síst á auðmýkingunni sem því fylgdi að þurfa að gangast undir ólöglegar fóstureyðingar – hvort sem þær fóru fram hjá læknum sem tóku okurfé fyrir aðgerðina, eða hjá skottulæknum sem voru ódýrari, en lögðu líf þeirra og heilsu að veði (2004, 276).

Það skal tekið fram að Gro Hagemann hafnar ekki beinlínis þessari „upprunasögu“ nýju kvennahreyfingarinnar. Markmið hennar er engu að síður að endurskoða hana og virðist raunar sem kveikjan að greininni sé hin skýra og fastmótaða hugmynd sem kvennahreyfingin í Noregi hafi um upphaf sitt, þ.e.a.s. fundinn í Óslóarháskóla haustið 1970 þar sem Jo Freeman talaði og minnst var á hér að framan. Rétt er þó að taka fram strax að Hagemann fjallar ekki um þetta málefni í tengslum við umræðuna um á hvaða hátt nýja kvennahreyfingin hafi tengst eldri kvennahreyfingum sem rædd var hér að framan.

Meginröksemd Hagemann er samt sú að „hin nýja bylgja“ hafi bæði hafist fyrr og átt sér aðrar mikilvægar uppsprettur en eingöngu þær „ungu og óþolinmóðu konur“ sem settu Nýfeministana og Kvennafylkinguna á laggirnar (2004, 286). Gerir hún að umræðuefni hin amerísku áhrif á upphaf nýju kvennahreyfingarinnar og vitnar í því sambandi í fund sem hún átti með Jo Freeman sjálfri á hinni þekktu Berkshire-kvennasöguráðstefnu í Bandaríkjunum árið 1999. Þar gafst henni tækifæri til að spyrja hana beint út um upplifun hennar af Noregsförinni 29 árum áður og af fundinum fræga í háskólanum í Ósló. Sú frásögn er sannarlega athyglisverð. Jo Freeman fræddi Gro Hagemann á því að hún hefði á þessum tíma litið á Noreg sem „eftirbát“ í jafnréttismálum í Evrópu. Þar væri þátttaka kvenna á vinnumarkaði minni en annars staðar og hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kynjanna sterkari. Hana hefði þess vegna rekið í rogastans þegar fréttin um „kvennaríkisstjórn“ Gro Harlem Brundtland árið 1986 hefði borist henni yfir hafið. „Hvernig gat það gerst“, spurði hún sjálfa sig, „að í þessari háborg hefðarinnar væri hægt að setja á fót ríkisstjórn með kvenkyns forsætisráðherra og meira en 40% hlutfalli kvenkyns ráðherra?“ (Hagemann 2004, 275; Blom 1999, 329).

Tölur staðfesta að vissu leyti þessa afstöðu Jo Freeman til stöðu jafnréttismála í Noregi í byrjun áttunda áratugar 20. aldar. Atvinnuþátttaka kvenna innan OECD landanna var næstlægst þar í landi á þeim tíma, Hollendingar voru á botninum. Á hinn bóginn var krafturinn í kvennahreyfingunni sem reis í Noregi frá og með árinu 1970 tilkomumikill, og sömuleiðis sá árangur sem náðist á sviði jafnréttismála á aðeins rúmlega tíu árum. Gro Hagemann rekur lista yfir glæsta sigra í jafnréttismálum í Noregi og nefnir lög um frjálssar fóstureyðingar er sett voru 1978, jafnréttislög er sett voru sama ár, „skipan fyrsta umboðsmanns jafnréttismála í heiminum 1979, verkáætlun um jafnréttismál sem ruddi brautina fyrir róttæka kynjakvóta 1981“ og svo að lokum þann mikla áfanga þegar „kvennaríkisstjórnin“ var skipuð árið 1986. Það var ekki að furða að Jo Freeman hefði klórað sér í kollinum yfir þessum árangri. Hvernig stóð á því að Noregur hafði á örskömmum tíma klifrað úr botnsæti á sviði jafnréttismála upp á

toppinn og hvernig stóð á því að hugmyndir nýja feminismans (sem hún sjálf hafði kynnt þar í landi) höfðu slegið svo rækilega í gegn einmitt í Noregi? (Hagemann 2004, 275; Blom 1999, 336).

Það eru viðtekin og gild sannindi í söguritun um nýju kvennahreyfinguna á Vesturlöndum, og þar með á Norðurlöndum, að hún hafi verið undir miklum amerískum áhrifum (Blom 2005, 368-375; Haukaa 1982, 24, 88). Nefnir Gro Hagemann t.d. frétttaflutning af aðgerðum bandarískra femínista og bækur eftir höfunda á borð við Kate Millet, Shulamith Firestone og Germaine Greer sem bókaforlög kepptust um að þýða og gefa út (2004, 286). Eftir að Nýfemínistarnir voru stofnaðir náðu ný hugtök sem upprunnin voru í bandarískri jafnréttisumræðu mikilli útbreiðslu á skjótum tíma. Hugtök á borð við „feðraveldi“ (patriarkat), „kynjamisrétti“ (sexisme), „vitundarvakning“ (bevisstgjöring) og „systralag“ (søsterskab) urðu áberandi í umræðunni um jafnréttismál í Noregi, mótuðu hugmyndaheim nýju kvennahreyfingarinnar og hafa sum hver sett svip sinn á umræðu um jafnréttismál æ síðan (Hagemann 2004, 276-277). Þá nefnir Gro Hagemann fyrirlestraferðir bandarískra femínista eins og þá sem Jo Freeman tókst á hendur „um flest lönd Vestur-Evrópu“ um 1970 (2004, 286). „Ég hef ekki tölu á hversu margir þeir voru, þessir nútímans farandpredikarar“, segir hún, en í það minnsta er ljóst „að þeir voru margir og þeir eru dæmi um hvernig nýi feminísminn, rétt eins og ungmennauppreisnin og aðrar pólitískar mótmælahreyfingar sóttu innblástur í amerískar hugmyndir og hugtök.“ Það var heldur engum blöðum um það að fletta að þeir „litu á sig sem útsendara og frumkvöðla hreyfingar með alþjóðleg, eða jafnvel alheimsleg, markmið. Jo Freeman var líkast til dæmigerð að þessu leyti, þegar hún dæmdi ástandið á sviði evrópsks femínisma út frá amerískum mælikvarða eins og ekkert væri sjálfsagðara“ (2004, 276).

Ljóst er þó að Hagemann er í mun að endurskoða þessa „amerísku upprunasögu“ og um leið að útskýra hvernig Noregur skaust í toppsætið í jafnréttismálum í Evrópu á aðeins rúmlega tíu árum. Kenning hennar er sú að upphaf norsks „nýfemínisma“ sé ekki síður að finna bæði í norskum stjórnsvaldsaðgerðum og norskum fræðilegum rannsóknum á sjöunda áratug 20. aldar.²⁴

Styðst Gro Hagemann í því sambandi við lokaritgerð frá Bókasafnsfræðingaskóla ríkisins í Noregi frá árinu 1970 þar sem kerfisbundið er fjallað um bækur og greinar er gefnar voru út í Noregi á síðari hluta sjöunda áratugarins, eða á fimm ára tímabili áður en Nýfemínistarnir urðu til. Af ritgerð þessari megi sjá að spurningar sem snertu kvenréttindi og kynhlutverk voru mjög áberandi í umræðunni á þessum árum, og jafnframt sýni hún að umfjöllun um stöðu jafnréttismála í Bandaríkjunum var fátíð og bækur eftir ameríska höfunda sjaldséðar. Eitthvað var um sænska bóka- og greinahöfunda en þeir voru þó heldur ekki margir. Aftur á móti voru Norðmenn sjálfir í miklum meirihluta þeirra höfunda sem fjölluðu um jafnréttismál á sjöunda áratugnum (2004, 277-278).

Skiptir hún þeim viðfangsefnum sem ráðandi voru í umfjölluninni um jafnréttismál í Noregi á árunum 1965-1970 í tvo flokka. Rit sem falla í fyrri flokkinn voru gefin út á vegum pólitískra stofnana en um tíu af þeim titlum sem út komu á þessu árabili voru gefnir út á vegum norska jafnlaunaráðsins. Einnig gáfu ýmis ráðuneyti út skýrslur um

spurningar tengdar jafnréttismálum. Í síðari flokkinn falla ritverk norskra félagsvísindamanna. Telur hún upp tíu þekkta félagsvísindamenn þar í landi sem allir skrifuðu mikilvæg innlegg um kvenréttindi og kynhlutverk á umræddu fimm ára tímabili (2004, 278).

Tvennt skiptir meginmáli í þessu samhengi að álitu Hagemann. Í fyrsta lagi hafi umræða og skrif um jafnréttismál verið komin alllangt á veg í Noregi á síðari hluta sjöunda áratugarins, einnig á hinu pólitíska sviði, og ekki sé hægt að greina mikinn áhuga á Bandaríkjunum eða amerískum málefnum í þeim umræðum. Og í öðru lagi sé greinilegt að ákveðið samspil hafi verið milli fræðimanna og stjórnmálamanna innan málaflokksins og orðu t.d. grundvallarbreytingar á afstöðu norska Verkamannaflokksins í jafnréttismálum um miðjan sjöunda áratuginn þar sem norskir félagsvísindamenn gegndu mikilvægu hlutverki. Af þessu dregur Gro Hagemann þá ályktun að áðurnefnd vatnaskil í norskum jafnréttismálum hafi að miklu leyti átt rætur í þróun sem varð í landinu sjálfu fyrir árið 1970 (2004, 278).²⁵

Í framhaldi af þessu er fróðlegt að skoða örstutt stöðu jafnréttismála í nágrennalandinu Svíþjóð á sjöunda áratugnum. Hjá Elisabeth Elgán kemur fram að fyrst eftir að Hópur 8 var settur á laggirnar voru baráttumálin flest þau sömu og höfðu þegar verið sett á dagskrá árin á undan og vísar þar til svokallaðrar „kynhlutverkaumræðu“ áratugarins, er brátt verður komið að, og „róttækrar kynferðisumræðu“. Málefnið er þar voru í brennidepli snerust um möguleika kvenna til atvinnu, lág laun kvenna og slæm vinnuskilyrði, þörfina fyrir barnagæslu svo að konur gætu unnið utan heimilis og sjálfsákvörðunarrétt kvenna varðandi fóstureyðingar (ópr., 15-16). Nýja kvennahreyfingin sem varð til í Svíþjóð um 1970 stóð því á alltraustum grunni þegar í upphafi.

Sænsku sagnfræðingarnir Christina Florin og Bengt Nilsson hafa fjallað ítarlega um þróun jafnréttismála í Svíþjóð á sjöunda og áttunda áratugnum. Þau benda á að áherslan á að allar konur skyldu vinna utan heimilis hélt innreið sína þar í landi strax á sjöunda áratug 20. aldar og að hinn „kvenlegi þegnréttur“, eins og þau orða það, skyldi nú byggjast á hugmyndinni um konur sem launþega. „Móður- og húsmóðurhlutverkið var ekki lengur aðalkvenímyndin“ (2000, 25-26).

Ennfremur gefa þau stuttlega innsýn inn í áðurnefnda „kynhlutverkaumræðu“ sem þróaðist sem fræðigreinin í Svíþjóð á sjöunda áratugnum og þau miklu áhrif sem hún hafði á umræður um jafnréttismál þar í landi (2000, 36, 53). Samkvæmt nýútkominni doktorsritgerð um þetta efni, var meginhugtak í kynhlutverkarannsóknnum „hlutverkahugtakið“ (s. rollbegreppet). Staða fólks í samfélaginu var skýrð með hliðsjón af „félagslegum strúktúr“ og lögð áhersla á hin sterku félagslegu áhrif á mótun persónuleikans. Samkvæmt þessari kenningu samanstendur „hlutverk“ af þeim „staðalímyndum, væntingum og gildismati“ sem beinist að manneskju í tiltekinni samfélagsstöðu, „kynhlutverk“ sé þannig „niðurstaðan eða útkoman af þeim ímyndum, væntingum og gildismati“ sem snerta kyn viðkomandi einstaklings (Olsson 2011, 22).²⁶

Að lokum má svo nefna að á sjöunda áratugnum var starfandi í Svíþjóð hópur fólks sem kallaði sig Hóp 222 (Grupp 222) en Elisabeth Elgán telur að Hópur 8 hafi mögulega dregið nafn sitt af honum (ópr., 9). Hópur 222 hittist einu sinni í mánuði í mörg ár og hélt nokkurs konar hugarflugsfundi (s. tankesmedja) þar sem rædd voru

mál sem snertu jafnrétti karla og kvenna og hvernig þeim yrði náð með pólitískum aðgerðum. Þá bauð hópurinn einnig til sín gestafyrirlesurum en þeirra á meðal var Olof Palme er varð forsætisráðherra Svíþjóðar árið 1969. Eiginkona hans, Lisbeth Palme, var ein af meðlimum hópsins.²⁷ Kynhlutverkaumræðan myndaði, samkvæmt þeim Christina Florin og Bengt Nilsson, eins konar grundvöll að starfsemi Hóps 222. Lýsingar þeirra á tengslum þessa félagsskapar við hinn opinbera vettvang, fjölmiðla og stjórnmálamenn, eru ennfremur athyglisverðar en fram kemur að þau voru mjög sterk og rötudu málefni sem rædd voru innan hópsins, eins og t.d. samsköttun hjóna, oft beina leið í fjölmiðla. Fengu þau umfjöllun í dagblöðum og útvarpi og sum hver voru jafnvel tekin fyrir í sænska þinginu, Riksdagen, sem og innan stjórnmálaflokkanna (2000, 50-51). Jarðvegurinn hafði því þegar verið plægður þegar Hópur 8 og nýja kvennahreyfingin komu til leiks í Svíþjóð.

Niðurlag

Hér í lokin er ekki úr vegi að spyrja hvort hægt sé að draga einhverjar ályktanir um þróun kvenréttindamála á Íslandi í ljósi þessarar umfjöllunar. Fullt tilefni er til að bera Ísland saman við nágrannalöndin og spyrja hvort hugmyndir, barátta og tilteknar hreyfingar sem verða til hér á landi á tilteknum tíma hafi átt sér undanfara á Norðurlöndunum. Ljóst er að umfangsmikil umræða um jafnréttismál var hafin í Noregi um og upp úr sjöunda áratugnum, bæði meðal háskólafólks og innan norsks stjórnkerfis, jafnréttisbarátta var orðin öflug í Svíþjóð á sama tíma.²⁸ Ástæða væri til að rannsaka þetta nánar og spyrja hvað Íslendingar nýttu sér af þessum hugmyndum og aðferðum sem áður höfðu verið þróaðar í nágrannalöndunum.

Þessi umfjöllun vekur ennfremur ýmsar spurningar sem mikilvægt gæti verið að leita svara við í tengslum við þróun íslensku Rauðsokkahreyfingarinnar. Það er því vissulega orðið tímabært að gera yfirgripsmikla fræðilega „heilðarrannsókn“ á íslensku Rauðsokkahreyfingunni á borð við þær sem þegar hafa verið gerðar í Svíþjóð og í Danmörku, rannsókn er væri byggð á frumheimildum og skjölum sem hreyfingin hefur skilið eftir sig. Mikilvægt væri einnig að setja hreyfinguna í samhengi við þróun svipaðra hreyfinga í nágrannalöndunum og á Vesturlöndum almennt.

Nefna má nokkrar spurningar sem áhugavert væri að leita svara við, eins og t.d. hvaða umræða hafði farið fram um jafnréttismál í íslensku samfélagi á sjöunda áratug 20. aldar? Á hvaða grunni byggðu íslensku Rauðsokkurnar þegar þær hófu baráttu sína? Hverjar voru helstu baráttuáðferðir Rauðsokkanna á fyrstu árunum? Hvaða bandamenn áttu þær meðal annarra félagshreyfinga, starfsstétta o.s.frv.? Hvert var hlutverk íslensku Rauðsokkanna í því að setja á dagskrá, berjast fyrir og koma í höfn ýmsum baráttumálum? Hvernig tengslanet höfðu Rauðsokkurnar, hvernig var t.d. háttað tengslum þeirra við fjölmiðla og stjórnmálakerfi og hvaða áhrif hafði það á þann árangur sem þær náðu?

Þá er ekki síður mikilvægt að velta fyrir sér hinum „séríslensku“ aðstæðum. Hvaða áhrif hafði stærð íslensks samfélags á Rauðsokkahreyfinguna eða hvernig var að vera róttæk baráttukona í hinu smáa íslenska samfélagi? Það er ljóst að baráttukonur áttunda áratugarins bjuggu almennt yfir miklum kjarki, en líka má spyrja hvort ekki

hafi þurft alveg sérstakt þor til að berjast fyrir þeim málefnum sem kvennahreyfing tímabilsins tók upp á sína arma í jafn litlu samfélagi og á Íslandi. Bæði voru baráttukonurnar hér miklu færri en annars staðar gerðist, nálægðin meiri og þær höfðu því ekki sömu möguleika til að lifa og hrærast innan tiltekinna menningarkima eða hópa eins og hægt er í stærri löndum.²⁹

Í frásögnum Rauðsokkanna sjálfra og rannsóknum kemur fram að ólík afstaða til sósíalisma og tengsla kvennabaráttu við stéttabaráttu setti mark sitt á nýju kvennahreyfinguna á áttunda áratugnum á Íslandi líkt og annars staðar á Norðurlöndum. En hvað með aðrar hugmyndafræðilegar stefnur og strauma og „sjálfsmyndarpólitík“, lituðu slík þemu þróunina einnig að einhverju leyti? Sérstaklega má nefna spurningar sem snerta endurskilgreiningu íslenskra kvenleikahugmynda á sjöunda og áttunda áratugnum. Mikilvægt væri að rannsaka það og bera saman við önnur norræn og vestræn lönd.

Aftanmálsgreinar

- 1 Greinin er rituð með styrk úr Launasjóði fræðiritahöfunda. Ég vil þakka Elisabeth Elgán, dósent í sagnfræði við Stokkhólmsháskóla, kærlega fyrir að lána mér óprentað handrit sitt að bók um sögu sænsku hreyfingarinnar *Grupp 8*.
- 2 Fræðikonur hafa m.a. lýst kvennahreyfingunni sem spratt upp um 1970 með hugtökunum „nýja kvennahreyfingin“ og „önnur bylgja kvennahreyfinga“. Sjá t.d. Dahlerup (II 1998, 43), Auður Styrkárdsdóttir (1997, 272–278), Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (1997, 235), Þorgerður Einarsdóttir (2004, 209).
- 3 Ekki gefst rými til að ræða nema hluta af þeim í þessari grein og heldur voru ekki tók á að taka Finnland með í þessari umferð.
- 4 Þess skal getið að konur eru í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem rannsaka eða fjalla um nýju kvennahreyfinguna á Norðurlöndum.
- 5 Meðal helstu rannsókna, greina og bókarkafla þar sem fjallað er um Rauðsokkahreyfinguna eru: Auður Styrkárdsdóttir (1986, 140–157); Dagný Kristjánsdóttir (2011, 418–425); Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir (1987, 223–259); Herdís Helgadóttir (1997, 290–296); Kristín Jónsdóttir (2007, 21–24); Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (1997, 122–151; 2004, 329–330); Vilborg Sigurðardóttir (2001, 476–492).
- 6 Þótt leitast sé við að kynna nýrri rannsóknir á hreyfingunni eru undantekningar þar á. Þannig byggja t.d. rannsóknir Trine Rogg Korsvik á ákveðnu fræðilegu samtali við rit eftir norska félagsfræðinginn Runa Haukaa en það kom út árið 1982.
- 7 Þess skal getið að hugtakið „feminismi“ er notað í greininni enda þótt misjafnt sé hvort hreyfingarnar hafi sjálfar notað það hugtak. Þar má vitna til Elisabeth Elgán en hún segist líta á Hóp 8 sem „feminíska hreyfingu“ enda þótt margir meðlimir í hreyfingunni hefðu ekki kallað sig feminista, í það minnsta ekki í byrjun áttunda áratugarins. Það hafi ekki verið fyrr en um 1977 að hópurinn tók að nota „feminisma“ sem hugtak yfir það sem áður nefndist upp á sænsku „kvinnokamp“ eða kvennabarátta. Elisabeth Elgán (ópr., 3) segist engu að síður nota hugtakið sem greiningarhugtak og það er einnig gert í þessari grein.
- 8 Tekið skal fram að ekki er lagt mat á hvað kerfisbundnar samanburðarrannsóknir mundu leiða í ljós varðandi líkindi með íslensku hreyfingunni og þeim norrænu, eða með norrænu hreyfingunum yfirhöfuð.
- 9 Trine Rogg Korsvik fjallar ekki um þessa umræðu í grein sinni eða tekur til hennar afstöðu.
- 10 Greining Drude Dahlerup byggir einnig á því að ákveðin hvörf hafi orðið á þessum tíma, þótt hún segi að ekki sé hægt að tala um skörp skil (I 1998, 253).
- 11 Þess má geta að Gisela Kaplan tiltekur einnig hreinar ofbeldisaðgerðir sem eina af

- baráttuleiðunum en þær voru að hennar sögn mjög fátíðar og vestur-evrópskir feministar sneiddu almennt hjá slíkum aðferðum.
- 12 Nýja kvennahreyfingin hafði mikil áhrif á þróun fræðilegra aðferða innan hins akademíska heims og bjó hún ýmist til ný fræðasvið sem ekki höfðu verið til áður eða höfðu verið gersamlega vanrækt.
 - 13 Drude Dahlerup heldur því fram að til að byrja með hafi hugmyndafræðileg greining hreyfingarinnar á þessu fyrirbæri, sálarlífi kvenna, ekki verið sérlega háþrúð, var heldur ekki ný af nálinni þótt samtíminn hafi lítið svo á. Breyting hafi orðið á þessu með skrifum fémínískra sálgreinenda, einkum ameríska sálgreinendanna Nancy Chodorov og Carol Gilligan. Svokallaðir „vitundarvakningarhópar“ (d. „basisgrupper“, n. „bevisstgjöringsgrupper“ e. „consciousness raising groups“) voru aðferð til að efla meðvitund kvenna um sjálfar sig og stöðu sína og má nefna að árið 1973 voru starfandi 200 slíkir hópar í Noregi (Rogg Korsvik 2010, 109; Dahlerup I 1998, 213-218).
 - 14 Til útskýringar á hvernig athafnirnar eða framkvæmdirnar lúta öðrum lögmálum en hinn skrifaði texti bendir hún t.d. á að hægt sé að „tjá ást eða útkljá valdabaráttu eingöngu með hjálp *líkamans* og oft án þess að gerendurnir geti sett aðgerðir sínar í orð eða fundið yfir þær hugtök.“
 - 15 Varðandi áherslu í kvennabaráttu á mótun nýrrar kvenlegrar sjálfsveru má einnig benda á skrif Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur. Hún telur að það hafi almennt orðið kveikja að íslenskri kvennabaráttu þegar misgengi skapaðist „milli grunngerðar og yfirborðsgerðar íslensks þjóðfélags.“ En kvennabaráttan, segir hún, hafi snúist um að „endurskapa konur sem fullnægjandi persónur sem endurspeglu alla meginþætti hinnar nýju félagsgerðar“ (1994, 101).
 - 16 Umrædd sýning komst þó aldrei í framkvæmd og ræðir Elisabeth Elgán mögulegar ástæður þessa í handriti sínu.
 - 17 Þar bendir hún t.d. á að hreyfingin hafi haft sterk áhrif innan norskra stjórnmálaflokka, bæði þá sem hneigðust til vinstri- og til hægri (Hagemann 2004, 277).
 - 18 Yfirlit yfir ólíkar kenningar innan fémínísmans er að finna í Halsaa (1996, 141-194), þar sem fjallað er um hugmyndafræði frjálslynds, marxískis og existensíalískis fémínísmans, ýmsar greinar róttæks fémínísmans auk sósíalískis og póststrúktúralískis fémínísmans. Sjá einnig Þorgerður Einarisdóttir (2004, 204-207).
 - 19 Um AKP, sjá Benum (1998, 41). Drude Dahlerup ræðir svipaðan ágreining innan dönsku kvennahreyfingarinnar en niðurstaða hennar er þó að hreyfingin þar í landi hafi ekki skipst eða verið klofin í tvær aðskildar hreyfingar, þ.e. róttæka fémínísta og marxíska fémínísta, þrátt fyrir tilhneigingu í þá átt (I 1998, 219-221).
 - 20 Sjá einnig ýmsar greinar í *Á randum sökukum. Baráttukonur segja frá* (2011).
 - 21 Sjá nánar um þetta hjá Hagemann (2004, 277).
 - 22 Þá áttu konur sem voru komnar yfir 38 ára aldurinn eða þær konur sem höfðu átt a.m.k. fimm börn að fá algerlega frjálsan rétt í þessum málum.
 - 23 Drude Dahlerup tekur einnig fram að í andstaðan gegn fóstureyðingum í Danmörku hljóti að teljast „veikburða í samanburði við flest önnur lönd“ og miðar þá við Vesturlönd almennt. Raunar hafi ekki þurft að leita lengra en til Noregs til að finna dæmi um miklu sterkari andstöðu.
 - 24 Rétt er þó að halda til haga að það væri út í hött að sögn Gro Hagemann að segja að amerísk kvennahreyfing hafi lítil áhrif haft á þróun fémínísmans í Noregi á áttunda áratugnum. Mikil líkindi séu með atburðunum í Noregi og því sem gerðist í öðrum vestraenum löndum og átti sterkar rætur í þróun sem varð í Bandaríkjunum. Hún heldur því þó fram að sá jarðvegur sem nýja kvennahreyfingin spratt úr í Noregi sé einfaldlega mun flóknari og fjölbreytilegri en oft sé haldið á lofti (2004, 286).
 - 25 Gro Hagemann virðist leggja drög að nokkuð flókinni og nýstárlegri greiningu á „upphafi“ nýju kvennahreyfingarinnar í Noregi. Má geta þess að í lok greinarinnar snýr hún aftur til hinna amerísku áhrifa en nú á nýjan hátt – hún telur sem sé þörf á að rannsaka hvort upphaf norsks nýfémínísmans megi setja í samhengi við tengsl Noregs og norskra stjórnmálamanna við Bandaríki Norður-Ameríku á kaldastríðsárunum. Rekur hún ýmis dæmi um áhrif bandarískra stjórnvalda og forseta á norsk yfirvöld og afstöðu þeirra til jafnréttismála, sem aftur mótuðu aðgerðir þeirra

- heima fyrir. Leggur hún þó almennt áherslu á að of snemmt sé að „draga nokkrar niðurstöður en engu að síður vona ég að dregnar hafi verið upp ákveðnar rannsóknarspurningar sem vel sé vert að fara nánar út í“ (2004, 279-282, 286).
- 26 Jenny-Leontine Olsson bendir þó á að kynhlutverkarannsóknir hafi lagt til grundvallar ýmsar skilgreiningar sem ekki samræmdust alltaf hver annarri.
- 27 Um tengsl Lisbeth og Olof Palme við hópinn og áhrif þeirra á þróun hans er fjallað í nýrri ævisögu um Palme. Sjá Berggren (2010, 458-9).
- 28 Hér að ofan kemur fram að félagsvísindamenn höfðu veruleg áhrif á umræðu um jafnréttismál í þessum löndum og því má spyrja hvaða áhrif það hafði á þróun íslenskra jafnréttismála að félagsvísindi voru ekki sett á fót sem fræðigreini við Háskóla Íslands fyrr en árið 1970. Sjá Sigríður Matthíasdóttir (2011, 386).
- 29 Dagný Kristjánsdóttir og Soffía Auður Birgisdóttir hafa bent á að smæð íslensks samfélags hafi haft veruleg áhrif á þróun íslenskra kvennabókmennta samhliða nýju kvannahreyfingunni og t.d. gert það að verkum að hér urðu ekki til svokallaðar „játningabókmenntir“ (d. bekendelseslitteratur) með sama hætti og á hinum Norðurlöndunum. Sjá *Nordisk kvindelitteraturhistorie* 4.b. (1997, 228).

Heimildir

- Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna* (1998). Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (ritstj.). Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.
- Auður Styrkarsdóttir (1986). „From Social Movement to Political Party: the New Women's Movement in Iceland“, *The New Women's Movement. Feminism and Political Power in Europe and the USA*. Ritstj. Drude Dahlerup. London: Sage.
- Auður Styrkarsdóttir (1997). „Mæðrahyggja: Frelsisafli eða kúgunartæki?“ *Íslenskar kvennarannsóknir. Eirindi flutt á ráðstefnu um íslenskar kvennarannsóknir sem haldin var á vegum Rannsóknastofu í kvennafraeðum við Háskóla Íslands, Odda, dagana 20.–22. október 1995*. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir. Reykjavík (ritstj.): Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafraeðum.
- Á Rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá* (2011). Olga Guðrún Árnadóttir (ritstj.). Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknastofa í Kvenna- og kynjafræðum (RIKK).
- Benum, E. (1998). *Aschehougs Norgeshistorie* 12.b. Knut Helle (ritstj.). Oslo: Aschehoug.
- Berggren, H. (2010). *Underbara dagar framför oss. En biografi över Olof Palme*. Stockholm: Norstedts.
- Blom, I. (1999). „Brudd og kontinuitet. Fra 1950 mot årtusenskiftet“. *Med kjønnspektiv på norsk historie. Fra vikingtid til 2000 årsskiftet*. Ida Blom og Solvi Sogner (ritstj.). Oslo: Cappelen Akademisk Forlag.
- Blom, I., Sogner, S. og Rosenbeck, B. (2005). *Kvinner i den vestlige verden fra år 1500 til i dag. Renaissance, reformasjon og revolusjon*. Oslo: Cappelen Akademisk Forlag.
- Dagný Kristjánsdóttir (2011). „Eftirmáli en ekki endir“, *Á Rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá*. Olga Guðrún Árnadóttir (ritstj.). Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknastofa í Kvenna- og kynjafræðum (RIKK).
- Dahlerup, D. (I 1998). *Rødstrømperne. Den danske Rødstrømpebevægelses udvikling, nytænkning og gennemslag 1970-1985*. København: Gyldendal.
- Dahlerup, D. (II 1998). *Rødstrømperne. Den danske Rødstrømpebevægelses udvikling, nytænkning og gennemslag 1970-1985*. København: Gyldendal.
- Dahlerup, D. (2004). „Continuity and Waves in the Feminist Movement – A challenge to Social Movement Theory“, *Crossing Borders. Re-mapping Women's Movements at the Turn of the 21st Century*. Hilda Rømer Christensen, Beatrice Halsaa og Aino Saarinen (ritstj.). Odense: University Press of Southern Denmark.
- Edda Óskarsdóttir (2011). „Ný tilvera“. *Á Rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá*. Olga Guðrún Árnadóttir (ritstj.). Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknastofa í Kvenna- og kynjafræðum (RIKK).
- Elgán, E. (Óprentað handrit). „Att ge sig sjálf makt: Grupp 8 i Stockholm på 1970-talet“.

- Florin, C. og Nilsson, B. (2000). „*Något som liknar en oblodig revolution ...*“ *Jämställdhetens politisering under 1960- och 70 talen*. Umeå: Umeå Universitet.
- Guðrún Hallgrímsdóttir (2011). „Við neituðum að ganga inn í hefðina“, *Á Rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá*. Olga Guðrún Árnadóttir (ritstj.). Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknastofa í Kvenna- og kynjafræðum (RIKK).
- Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir (1987). *68. Hugurflug úr viðjum vanans*. Reykjavík: Tákn.
- Hagemann, G. (2004). „Norsk nyfeminisme – amerikansk import?“ *Nytt Norsk Tidsskrift* 21 (3-4).
- Halla Kristín Einarisdóttir (2009). *Konur á rauðum sokkum*. Reykjavík: Miðstöð munnlegrar sögu og Hlaðvarpinn.
- Halsaa, B. (1996). „Variasjoner over et tema: feminisme som teori“. *Hun og han. Kjønn i forskning og politikk*. Harriet Holter (ritstj.). Oslo: Pax forlag.
- Haukaa, R. (1982). *Bak slagordene. Den nye kvinnebevegelsen i Norge*. Oslo: Pax Forlag.
- Herdís Helgadóttir (1997). „Vaknaðu kona.“ *Íslenskar kvennarannsóknir. Erindi flutt á ráðstefnu um íslenskar kvennarannsóknir sem haldin var á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands, Odda, dagana 20. til 22. október 1995*. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstj.). Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum.
- Isaksson, E. (1998). *Arbetets kvinnor och Grupp 8 – en studie i socialistisk feminism*. Stockholm: Stockholms Universitet.
- Kaplan, G. (1992). *Contemporary Western European Feminism*. London: UCL Press.
- Kristín Jónsdóttir (2007). „*Hlustaðu á þína innri rödd*“. *Kvennaframbod í Reykjavík og Kvinnalisti 1982-1987*. Reykjavík: Sögufélag.
- Lönnå, Elisabeth (2004). „Waves in the History of Feminism.“ *Crossing Borders. Re-mapping Women's Movements at the Turn of the 21st Century*. Hilda Rømer Christensen, Beatrice Halsaa og Aino Saarinen (ritstj.). Odense: University Press of Southern Denmark.
- Nordisk kvindelitteraturhistorie* 4.b. (1997). *På jorden 1960-1990*. Elisabeth Møller Jensen (ritstj.). København: Rosinante.
- Olsson, J.L. (2011). *Kön i förändring. Den svenska könsrollsforskningen 1959-1879*. Lund: Sekel.
- Rogg Korsvik, T. (2010). „Kvinnekamp! Politiske spenninger i kvinnefrigjøringsbevegelsene i Norge og Frankrike i 1970 åra“. *Historier om motstand. Kollektive bevegelser i det 20. århundret*. Idar Helle, Knut Kjeldstadli og Jarar Sørvoll (ritstj.). Oslo: Abstrakt forlag.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (1994). „Að gera til að verða. Persónusköpun í íslenski kvennabaráttu“. *Fléttur. Rit Rannsóknastofu í kvennafræðum*. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir (ritstj.). Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum, Háskólaútgáfan.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (1997). *Doing and Becoming. Women's Movement and Women's Personhood in Iceland 1870-1990*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (2004). „Women's Movements and the Contradictory Forces of Globalisation“. *Crossing Borders. Re-mapping Women's Movements at the Turn of the 21st Century*. Hilda Rømer Christensen, Beatrice Halsaa og Aino Saarinen (ritstj.). Odense: University Press of Southern Denmark.
- Sigríður Matthíasdóttir (2011). „Grunnmenntunarskólinn 1961-1990“, *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011*. Gunnar Karlsson (ritstj.). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Vilborg Sigurðardóttir (2001). „Vitund vaknar – augu opnast. Rauðsokkahreyfingin 1970-1975.“ *Kvinnaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Hallgerður Gísladóttir, Inga Huld Hákonardóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Sigríður Þorgrímsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.
- Þorgerður Einarisdóttir (2004). „Hið vísindalega er pólitískt“. *Feminismi sem fræðikenning andófs og breytinga*. *Íslenski félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

